

5. september 2016

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar - júlí 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði verulega á milli ára og var jákvætt um 19,4 ma.kr. samanborið við neikvætt handbært fé upp á 52,7 ma.kr. 2015. Þetta skýrist að stærstum hluta með tekjum af stöðuleikaframlögum á árinu 2016 sem námu 68 ma.kr á tímabilinu. Handbært fé lækkar um 96,9 ma.kr. samanborið við lækkun um 85,0 ma.kr. á árinu 2015 sem skýrist að stærstum hluta af afborgunum lána sem námu 125,8 ma.kr. á tímabilinu.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – júlí 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	348.101	358.233	441.745
Greidd gjöld	338.087	378.944	403.175
Tekjujöfnuður	10.014	-20.711	38.570
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	5.101	-31.987	-19.134
Handbært fé frá rekstri	15.115	-52.698	19.436
Fjárfestingahreyfingar	-18.716	13.124	-9.655
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-3.601	-39.575	9.781
Afborganir lána	-137.711	-83.630	-125.846
Innanlands	-29.267	-31.042	-58.339
Erlendis	-108.444	-52.588	-67.507
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-141.312	-123.204	-116.065
Lántökur	154.542	38.167	19.176
Innanlands	37.744	38.167	19.176
Erlendis	116.798	0	0
Breyting á handbæru fé	13.230	-85.038	-96.888

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu tæplega 442 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 23,3% aukning frá sama tímabili í fyrra. Hafa ber í huga að samanburður milli ára er bjagaður vegna umfangsmikilla óreglulegra liða, stöðugleikaframlaga og arðgreiðslna, sem samanlagt námu 84 ma.kr. Að frátöldum þessum veigamiklu liðum námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 358 ma.kr. sem er 8,7% aukning milli ára.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 339 ma.kr. það sem af er ári og voru 5,4% umfram áætlun. Ljóst er að almennar launahækkningar og aukin umsvif í efnahagslífinu hafa mikil áhrif þar sem jákvæða frávikið liggur að mestu í tekjuskatti einstaklinga, tryggingagjaldi og virðisaukaskatti. Hér á eftir verður nánar fjallað um einstök frávik frá áætlun og þróun tekna milli ára.



Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí 2014–2016

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Skatttekjur og tryggingagjöld	297.638	309.534	339.002	10,7	4,0	9,5
Skattar á tekjur og hagnað	120.988	126.249	131.890	17,1	4,3	4,5
Tekjuskattur einstaklinga	73.685	68.655	83.430	8,9	-6,8	21,5
Tekjuskattur lögaðila	23.271	31.877	24.859	38,0	37,0	-22,0
Skattur á fjármagnstekjur	24.032	25.717	23.600	28,0	7,0	-8,2
Eignarskattar	5.929	4.532	4.950	1,2	-23,6	9,2
Skattar á vöru og þjónustu	121.161	127.252	142.504	7,0	5,0	12,0
Virðisaukaskattur	80.019	85.971	99.222	9,7	7,4	15,4
Vörugjöld af ökutækjum	3.039	4.105	5.391	7,1	35,1	31,3
Vörugjöld af bensíni	6.747	6.834	6.827	1,6	1,3	-0,1
Skattar á olíu	3.855	4.122	4.742	5,1	6,9	15,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	10.352	10.585	11.690	6,9	2,3	10,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	17.149	15.635	14.633	-1,8	-8,8	-6,4
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3.172	3.172	2.720	-0,6	-	-14,3
Aðrir skattar	4.978	4.339	6.958	15,1	-12,8	60,4
Tryggingagjöld	41.409	43.990	49.981	6,3	6,2	13,6
Fjárframlög	100	135	124	4,4	35,0	-8,0
Aðrar tekjur	49.038	48.563	102.305	77,0	-1,0	110,7
Sala eigna	1.326	-	313	-	-	-
Tekjur alls	348.101	358.232	441.745	17,1	2,9	23,3

Skattar á tekjur og hagnað fyrstu sjö mánuði ársins námu samtals 132 ma.kr. og jukust um 4,5% milli ára. Tekjuaukninguna má rekja til tekjuskatts einstaklinga sem nam 83 ma.kr. og jókst um 21,5% milli ára þrátt fyrir lækkun skatthlutfalla í 1. og 2. þepi í ársbyrjun. Aukningin skýrist fyrst og fremst af almennum launahækkunum og meiri atvinnu. Þegar litið er til frávíks frá áætlun tímabilsins þá var tekjuskattur einstaklinga 11,2% umfram áætlun sem skýrist að miklu leyti af sömu þáttum, þ.e. umtalsvert meiri launahækkunum og fleiri vinnustundum en gert var ráð fyrir í þjóðhagsspá þegar áætlun fjárlaga var gerð. Tekjuskattur lögaðila nam 25 ma.kr. og var 22% undir áætlun. Hafa ber í huga að innheimtan er til bráðabirgða, byggð á síðustu álagningu og því óháð efnahagslegri þróun í rauntíma og verður leiðrétt í álagningu lögaðila í haust. Að sérstökum fjársýsluskatti undanskildum jókst tekjuskattur lögaðila um 6,1% milli ára. Fjármagnstekjuskattur nam 23,6 ma.kr. en ef leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði sjálfum nam hann alls 19,3 ma.kr. og var 7,2% umfram áætlun.

Eignarskattar námu 5 ma.kr. Þar af námu stimpilgjöld 2,7 ma.kr. og erfðafjárskattur 1,6 ma.kr. Samanlagt jukust eignarskattar um 9,2% milli ára og voru 23,4% umfram áætlun tímabilsins. Að stórum hluta má rekja frávikið til stimpilgjalda sem skiluðu um 550 m.kr. meiri tekjum en á sama tíma í fyrra sem er fjórðungs aukning milli ára og skýrist einkum af hækkandi eignaverði og vaxandi umsvifum á fasteignamarkaði. Skipulagsgjald skilaði einnig tekjum umfram áætlun og tekjur af erfðafjárskattur voru á áætlun. Um þriðjungur innheimtufrávíks eignarskatta skýrist af 300 m.kr. eftirhreytum af auðlegðarskatti sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.



Skattar á vöru og þjónustu námu 143 ma.kr. sem er 7,5% umfram áætlun. Þar vegur virðisaukaskattur þyngst og nam hann alls 99 ma.kr. fyrstu sjö mánuði ársins og var 10,5% yfir áætlun. Virðisaukaskattur jókst um 15,4% milli ára sem má m.a. rekja til aukins kaupmáttar heimilanna sem kemur fram í auknum kaupum á varanlegum neysluvörum. Fjölgun ferðamanna hefur einnig jákvæð áhrif á VSK, en þeim fjölgaði um 30,6% milli ára á tímabilinu. Þannig eru fyrst og fremst efnahagslegir þættir að baki innheimtufráviki VSK. Jafnframt má þó minna á að sveiflur á milli mánaða í útskatti og innskatti geta verið verulegar og frávik einstakra mánaða frá áætlun kunna að skýrast að hluta af slíkum breytileika.

Helstu útgjaldaliðir ferðamanna, gistiþjónusta, ferðaþjónusta og matur og drykkur á veitingastöðum og í verslunum, eru skattlagðir í neðra þrepi virðisaukaskatts. Fyrirliggjandi gögn um veltu eftir atvinnugreinum ná til tímabilsins janúar-apríl og ná því nokkru skemur inn á árið en innheimtugögnin. VSK-skyld velta í ferðaþjónustutengdum atvinnugreinum jókst mikið, annars vegar vegna aukinna umsvifa og fjölgunar fyrirtækja í gisti- og veitingaþjónustu og hins vegar breikkunar skattskyldusviðsins í byrjun árs, þegar ýmis önnur ferðaþjónustutengd starfsemi kom inn í VSK-kerfið og varð skattskyld í neðra þrepi. Þau gögn sem liggja fyrir um álagðan VSK eftir atvinnugreinum benda ekki til að innkoma ferðaþjónustunnar hafi haft mikil áhrif á tekjur af VSK á fyrsta þriðjungi ársins. Mun meiri fjölgun ferðamanna en búist var við þegar áætlun fjárlaga var gerð á þó sinn þátt innheimtufráviki VSK, fyrst og fremst vegna gisti- og veitingahúsa-starfseminnar.

Tekjuaukning af vörugjöldum af ökutækjum, sem námu 5,4 ma.kr., er einnig áberandi. Kröftugur vöxtur ferðaþjónustu og einkaneyslu hefur haft áhrif á kaup á ökutækjum og hefur nýskráðum bifreiðum fjölgaði um alls 42% á fyrstu sjö mánuðum ársins samkvæmt Samgöngustofu.

Áfengis- og tóbaksgjöld námu samtals 11,7 ma.kr. og voru 8,6% undir áætlun. Þar af nam áfengisgjald 8,3 ma.kr. sem er 15,2% aukning frá fyrra ári. Aukningin skýrist að hluta til af 5,5% aukningu í áfengissölu það sem af er ári en þar gætir áhrifa af aukinni sölu í júnímánuði vegna Evrópumótsins í knattspyrnu. Hún skýrist þó fyrst og fremst af kerfisbreytingu á skattlagningu áfengis í byrjun árs en þá var gjaldið hækkað samhliða lækkun virðisaukaskatts. Áfengisgjaldið var 11,3% undir áætlun sem má m.a. rekja til breytingar sem gerð var á uppgjörstímabili eftir að fjárlagaáætlun var gerð en þá var uppgjörstímabilið lengt úr hálfum mánuði í einn mánuð og innheimtutímabilið það sem af er ári er því hálfum mánuði styttra en áætlað var. Tekjur af tóbaksgjaldi námu 3,4 ma.kr. og voru 1% undir áætlun. Innheimtan er óbreytt milli ára þrátt fyrir 2,5% verðlagsuppfærslu gjaldsins í byrjun árs en á móti hefur sala á tóbaki dregist saman.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld námu 2,7 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins og voru 17% umfram áætlun. Tekjustofninn dróst saman um 14,3% frá fyrra ári sem má rekja til afnáms tolla af fatnaði og skóm í byrjun árs.

Tryggingagjald nam alls 50 ma.kr. og var 5% umfram áætlun. Tekjurnar jukust um 13,6% milli ára sem endurspeglar annars vegar almennar launahækkanir, en launavísitala hækkaði um 12% á sama tíma, og hins vegar fjölgun starfandi einstaklinga á vinnumarkaði, en þeim fjölgaði um 3,1% frá sama tíma í fyrra samkvæmt Vinnumarkaðskönnun Hagstofu.

Aðrar tekjur en skatttekjur námu 103 ma.kr. sem er veruleg aukning milli ára. Veigamiklir óreglulegir liðir falla hér undir, stöðugleikaframlag og arðgreiðslur. Það sem af er ári námu stöðugleikaframlög alls 68 ma.kr. Þar af komu 17 ma.kr. í stað þess bankaskatts sem áður var áætlað að lagður yrði á slitabúin og 51 ma.kr. sem notaður var í mars og júní til að greiða niður lán frá Seðlabanka Íslands. Í yfirlitinu kemur aðeins fram sá hluti stöðugleikaframlags sem hefur verið ráðstafað með framangreindum hætti og er því stærstur hluti þess auk tekna vegna hliðaráhrifa aðgreindur frá hefðbundnu uppgjöri ríkissjóðs. Arðgreiðslur námu 16 ma.kr. og drógust saman um 45% milli ára. Samdrátturinn skýrist af arðgreiðslu Landsbankans sem var greidd að fullu í apríl í fyrra en er greidd í tveimur jafnháum greiðslum í ár, í maí og september, að upphæð 14,1 ma.kr. hvor.

Veidigjöld, sem falla einnig undir aðrar tekjur, námu 4,7 ma.kr. sem er 13% samdráttur frá fyrra ári. Kerfisbreyting á álagningu og innheimtu veidigjalda sem eru nú innheimt á eins mánaðar fresti í stað



Þriggja líkt og fyrirkomulagið var á fyrri helmingi síðasta árs gerir samanburð á milli ára þjagaðan þar sem innheimtan á síðasta ári tekur til lengra veiðitímabils.

Greidd gjöld námu 403,2 ma.kr. og jukust um 24,2 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 6,4% sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar - júlí 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	51.065	53.108	51.761	12,7	4,0	-2,5
Almenn opinber þjónusta	29.154	29.598	33.752	-12,5	1,5	14,0
Almannatryggingar og velferðarmál	72.866	82.876	87.042	3,9	13,7	5,0
Heilbrigðismál	78.994	84.354	94.836	7,6	6,8	12,4
Efnahags- og atvinnumál	33.919	52.546	53.785	11,1	54,9	2,4
Menntamál	32.363	34.595	37.161	3,5	6,9	7,4
Menningar- og félagsmál	11.034	11.043	12.390	1,9	0,1	12,2
Lög- og réttargæsla	12.738	12.875	14.005	0,2	1,1	8,8
Önnur útgjöld	15.955	17.948	18.443	41,8	12,5	2,8
Gjöld alls	338.088	378.944	403.175	5,7	12,1	6,4

Almenn opinber þjónusta hækkar um 4,2 ma.kr. milli ára eða 14 %. Þar af hækka almenn fjárframlög til sveitarfélaga um 1,4 ma.kr. Önnur almenn opinber þjónusta hækkar um 2 ma.kr. á milli ára og þar af eru fasteignir ríkissjóðs með um 0,4 ma.kr og Rannsóknarsjóður með um 1 ma.kr. hækkun frá fyrra ári.

Útgjöld vegna efnahags- og atvinnumála námu um 53,8 ma.kr. og jukust um 1,2 ma.kr. eða 2,4% frá fyrra ári. Mesta aukning útgjalda milli ára er vegna landbúnaðarmála, aukning um 1 ma.kr og vegna rannsóknar og þróunar í efnahags- og atvinnumálum um 1 ma.kr. Gjöld vegna efnahags- og atvinnumála hækka um 1,9 ma.kr. frá fyrra ári, þar af Byggðaáætlun 0,5 ma.kr., Fjarskiptasjóður 0,3 ma.kr. og Framkvæmdasjóður ferðamannastaða með 0,3 ma.kr. hækkun frá fyrra ári. Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána er 3,3 ma.kr. lægri en á sama tímabili árið áður.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 94,8 ma.kr. og jukust um 10,5 ma.kr. milli ára eða um 12,4%. Megin skýring á aukningu milli ára er vegna sjúkrahúspjónustu sem jókst um 5,3 ma.kr., sem er 14,4% aukning, þar er veigamesti liðurinn rekstur Landspítala háskólasjúkrahúss sem eykst um 3,9 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilsugæslu hækka um 2,4 ma.kr. frá fyrra ári og er stærsta skýringin sú að útgjöld sjúkratrygginga aukast um 1,0 ma.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld menntamála námu 37,2 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 2,6 ma.kr. eða 7,4% milli ára. Framlög til framhaldskóla hækka um 9,3 % á milli tímabila eða um 1,2 ma.kr.

Almannatryggingar og velferðarmál námu 87 ma.kr. og aukast um 4,2 ma.kr. eða 5%. Framlög til aldraðra aukast um 2,3 ma.kr. Þar af aukast lífeyristryggingar um 2,9 ma.kr. Örorkubætur aukast um 3,6 ma.kr. milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 0,5 ma.kr. á tímabilinu eða 6,4%, helstu útgjaldaliðir eru fjármagnstekjuskattur sem nam 4,3 ma.kr. sem er lækkun um 2,3 ma.kr. frá fyrra ári og lífeyrisskuldbindingar sem námu 8,9



ma.kr. og hækkuðu um 1,8 ma.kr á milli ára. Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:

Útgjöld einstakra málaflokka – breyting milli ára janúar - júlí 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi hv. árs		Br. frá fyrri ári
	2015	2016	%
Æðsta stjórnýsla og löggjafarvald	2.347	2.707	15,3
Fjármálastjórnýsla ríkisins	6.125	6.428	4,9
Utanríkismál	5.632	5.721	1,6
Önnur almenn opinber þjónusta	5.198	7.186	38,2
Fjármagnskostnaður	53.108	51.761	-2,5
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	10.295	11.710	13,7
Almenn opinber þjónusta	82.707	85.513	3,4
Lög- og réttargæsla	12.875	14.005	8,8
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	3.697	3.931	6,3
Landbúnaðarmál	7.632	8.637	13,2
Samgöngumál	14.017	14.458	3,1
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	3.000	3.991	33,0
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	18.662	15.373	-17,6
Önnur efnahags- og atvinnumál	5.538	7.396	33,5
Efnahags- og atvinnumál	52.546	53.785	2,4
Lyf og lækningavörur	10.628	11.646	9,6
Heilsugæsla	17.503	19.938	13,9
Sjúkrahúsþjónusta	36.703	41.979	14,4
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	16.822	18.514	10,1
Heilbrigðiseftirlit og stjórnýsla	2.698	2.759	2,3
Heilbrigðismál	84.354	94.836	12,4
Menningarmál	5.129	5.803	13,1
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	5.914	6.587	11,4
Menningar- og félagsmál	11.043	12.390	12,2
Framhaldsskólastig	12.922	14.122	9,3
Háskólastig	18.941	19.953	5,3
Önnur menntamál	2.733	3.086	12,9
Menntamál	34.595	37.161	7,4
Örorka og fötlun	20.255	23.880	17,9
Öldrun	28.976	31.255	7,9
Fjölskyldur og börn	15.536	14.838	-4,5
Atvinnuleysi	7.310	6.451	-11,8
Vaxtabætur	5.981	5.129	-14,2
Önnur trygginga- og velferðarmál	4.818	5.489	13,9
Almannatryggingar og velferðarmál	82.876	87.042	5,0
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	7.175	8.946	24,7
Fjármagnstekjuskattur	6.540	4.273	-34,7
Annað	4.234	5.224	23,4
Önnur útgjöld	17.948	18.443	2,8
Gjöld alls	378.944	403.175	6,4



Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 9,8 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 39,5 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 125,8 ma.kr. til samanburðar við 83,6 ma.kr. árið áður. Innlendar afborganir námu 58,3 ma.kr. og erlendar afborganir 67,5 ma.kr. Stærstur hluti innlendra afborgana skýrist af uppkaupum ríkissjóðs á eigin bréf í flokknum RIKH 18 af nafnvirði 30 ma.kr. og innborgun á skuldabréf Seðlabanka Íslands 25 ma.kr. Af erlendum afborgunum ber hæst uppgreiðsla á eftirstöðvum skuldabréfaútgáfu í Bandaríkjadöllum frá árinu 2011 sem var á gjalddaga í júní, samtals að fjárhæð 62 ma.kr. Þá skýrist 5,3 ma.kr. afborgun á uppgreiðslu á erlendu láni í breskum pundum sem var á gjalddaga í janúar. Lántökur tímabilsins námu alls 19,2 ma.kr. en á sama tímabili árið 2015 námu þær 38,2 ma.kr. og voru það allt innlendar lántökur. Engin erlend lántaka var á tímabilinu. Heildarstaða á skuldum ríkissjóðs nam 1.218 ma.kr. í lok júlí mánaðar.